



Ávarp stjórnarformanns Brynjólfs Bjarnasonar 16. mars 2021

Ágætu hluthafar!

Starfsemi Arion banka er samofin lífi og starfi fólksins í landinu og því fór bankinn ekki varhluta af þeim miklu sviptingum og óvissu sem einkenndi flest ef ekki öll svið samfélagsins á árinu 2020. Arion banki brást með markvissum hætti við einum hraðasta og mesta efnahagssamdrætti síðari tíma og bauð viðskiptavinum sínum úrræði sem skiptu sköpum í baráttunni við efnahagsleg áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Fjárhagslega sterk staða bankans, gerði bankanum kleift að styðja vel við viðskiptavinum sína á þessu mjög svo krefjandi ári.

Sem betur fer var það svo að heimili, fyrirtæki og íslenska ríkið voru sögulega í óvenjugóðri stöðu í upphafi árs hvað skuldsetningu varðar. Við nutum góðs af því að á undanförunum áratug hefur verið byggt upp öflugt fjármálakerfi hér á landi, skuldir ríkisins lækkaðar og komið upp myndarlegum



gjalddeyrisforða hjá Seðlabanka Íslands. Allt mikilvægir þættir sem gerðu Íslandi auðveldara að bregðast við efnahagssamdrætti með kraftmiklum hætti og koma í veg fyrir stærra tjón en raun ber vitni. Engu að síður eru áhrif heimsfaraldursins vissulega mikil á tiltekna atvinnugreinar og þá ekki síst á ferðaþjónustu og tengdar greinar og það mun taka þær tíma að rétta úr kútnum.

Við stöndum frammi fyrir uppbyggingu í kjölfar heimsfaraldurs og höfum tækifæri til að ráðast í hana með sjálfbærni að leiðarljósi. Stefna Arion banka markast af sjálfbærni og langtíma sýn, þar sem efnahagsleg markmið eru í góðu jafvægi við náttúruna og samfélagslega ábyrgð.

Í þeirri uppbyggingu hafa fjármálafyrirtæki mikilvægu hlutverki að gegna. Fram undan eru orkuskipti sem þurfa að eiga sér stað um heim allan til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Þau umskipti kalla á mikla fjárfestingu sem fjármálafyrirtæki þurfa að styðja með markvissum hætti. Hér á landi eru til að mynda



tækifæri til vistvænni samgangna og til að byggja upp grænni og sjálfbærari ferðaþjónustu en áður. Ísland getur orðið grænn áfangastaður.

Arion banki hefur unnið að því á árinu að meta lánasafn bankans út frá umhverfismálum og vinnur að gerð græns ramma utan um innlán og útlán, meðal annars með það að markmiði að gefa út græn skuldabréf. Bankinn leggur aukna áherslu á að bjóða vistvæna fjármálaþjónustu þar sem henni verður við komið og kynnti á árinu, fyrstur íslenskra banka, græn innlán og græn íbúðalán. Með þessu gefum við viðskiptavinum okkar umhverfisvænni valkosti og það er einmitt þannig og í gegnum lánveitingar okkar sem við getum haft mest áhrif í mikilvægri baráttu gegn loftlagsbreytingum.

Opin bankaþjónusta er mikilvægur þáttur í stefnu og þjónustu Arion banka eins og áhersla bankans undanfarin ár á stafræna og þægilega fjármálaþjónustu ber með sér. Arion appið er



einstakur farvegur fyrir opna bankaþjónustu en appið var á árinu 2020, eins og þrjú ár þar á undan, besta fjármálaappið hér á landi samkvæmt könnun á meðal viðskiptavina bankanna. Arion appið er því öflug sölu- og þjónustuleið sem um 86 þúsund Íslendingar nýta sér með reglubundnum hætti.

Við ætlum okkur að nýta styrkleika samstæðunnar, sérstaklega samstarf við dótturfélög okkar Vörð og Stefni, til að auka skilvirkni í starfseminni og efla vöruframboð enn frekar í gegnum stafrænar leiðir. Við leitum einnig út fyrir samstæðuna að spennandi samstarfsaðilum.

Skýr stefna okkar og áhersla á arðsemi umfram vöxt hófst haustið 2018 og á síðari hluta árs 2019 voru gerðar skipulags- og áherslubreytingar innan bankans með það að markmiði að auka skilvirkni og draga úr stórum fjárhagslegum skuldbindingum bankans. Á þessu ári höfum við séð árangur þessara breytinga og var bankinn nálægt markmiði sínu um 10% arðsemi miðað við 17% hlutfall eiginfjárbáttar 1.



Arion banki er skráður í kauphallirnar á Íslandi og í Stokkhólmi og er sá eini af þremur stærstu bönkum landsins sem ekki er í ríkiseigu. Sá árangur sem við höfum náð í rekstri bankans á árinu ber vott um hve alvarlega við tökum skyldur okkar gagnvart rúmlega sjö þúsund hluthöfum bankans.

Arion banki er í nokkuð sérstakri stöðu þar sem íslenska ríkið, sem eigandi tveggja af þremur stærstu bönkum landsins, er helsti samkeppnisaðili bankans. Við teljum þá stöðu ekki heillavænlega til lengri tíma og fögnum því áformum stjórnvalda um að selja hlut í Íslandsbanka. Að ríkið takmarki umsvif sín á fjármálamarkaði leiðir til heilbrigðari og skilvirkari samkeppni á fjármálamarkaði neytendum til góða.

Fjármálaþjónusta er að taka miklum breytingum og Arion banki á ekki aðeins í samkeppni við íslensk fjármálafyrirtæki heldur



einnig öflug alþjóðleg fyrirtæki. Umsvif erlendra fyrirtækja í fjármálaþjónustu eru umtalsverð hér á landi. Bæði er um að ræða erlenda banka sem lána til margra af stærstu fyrirtækjum landsins, t.a.m. orku- og sjávarútvegsfyrirtækja, og alþjóðleg tækni- og fjártæknifyrirtæki eins og Apple, Amazon og Paypal sem keppa ekki síst á neytendamarkaði. Það er kominn tími til að Samkeppniseftirlitið horfi til þessarar staðreyndar þegar það tekur fyrir málefni fjármálamarkaðarins hér á landi.

Við fögnum öflugri samkeppni, innlendri og erlendri. Hún hvetur okkur til dáða og skerpir sýn okkar á að veita viðskiptavinum okkar þægilega, snjalla og trausta fjármálaþjónustu.

Undir lok árs 2020 samþykkti stjórn uppfærða stefnu fyrir Arion banka. Breytingarnar á stefnunni eru rökrétt framhald af þeim skipulags- og áherslubreytingum sem hrundið var í framkvæmd



síðla árs 2019. Markmiðið er að skerpa framtíðarsýn bankans og dótturfélaga. Lykilþættir þeirrar stefnu er að standa framar með:

- Lausnamiðaðri og árangursdrifinni menningu
- Þjónustu og ákvörðunum, sem byggja á gögnum og greiningu
- Og markvissu samstarfi við vel valda samstarfsaðila

Til að styðja við innleiðingu á stefnu bankans samþykkti stjórn jafnframt breytingar á kaupaukakerfi Arion banka í samræmi við starfskjarastefnu bankans sem samþykkt var á síðasta aðalfundi með 99,6% greiddra atkvæða. Ein helsta breytingin felst í því að nú tekur allt starfsfólk bankans þátt í kerfinu, en ekki aðeins hluti þess. Sett hafa verið skýr markmið fyrir árið 2021. Það markmið sem mestu skiptir er að arðsemi eiginfjár bankans sé hærri en vegið meðaltal arðsemi keppinauta bankans. Með öðrum orðum höfum við sett okkur það markmið að standa samkeppnisaðilum okkar framar. Auk kaupaukakerfisins er ánægjulegt að um 630 starfsmenn tóku þátt í kaupréttaráætlun bankans og um 150 starfsmenn kusu að



fjárfesta í áskriftarréttindum útgefnum af bankanum, nokkuð sem eykur trú á rekstur bankans. Þannig tengjast starfsmenn betur hagsmunum bankans og á þessi nýja stefna og markmiðasetning að fela í sér jákvæða hvatningu fyrir starfsfólk bankans og skýr markmið að keppa að, viðskiptavinum, samstarfsfólki og hluthöfum til góða. Við horfum björtum augum fram á veginn.

Ég þakka starfsfólki, stjórnendum og stjórn fyrir samstarfið á árinu 2020. Sérstakar þakkir til Renier Lemmens og Herdísar Fjeldsted sem yfirgefa nú stjórn.